



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - júlí 2014

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu sjö mánuði ársins 2014 liggur nú fyrir en í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Nokkur munur er á greiðsluuppgjöri annars vegar og uppgjöri á rekstrargrunni eins og ríkisreikningur er gerður eftir hins vegar. Hann felst einkum í því að í greiðsluuppgjöri er ekki tekið tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu bæði á tekju- og gjaldahlið sem hafa ekki haft áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 15,1 ma.kr. en var neikvætt um 19,2 ma.kr. á sama tímabili árið 2013. Innheimtar tekjur hækkuðu um 50,8 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 19,4 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - júlí 2014 (m.kr.) (tölur á verðlagi hvers árs)

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>
Innheimtar tekjur	260.959	242.467	283.612	297.302	348.101
Greidd gjöld	318.084	307.356	310.054	318.707	338.087
Tekjujöfnuður	-57.124	-64.889	-26.442	-21.405	10.014
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-18.515	824	-5.397	2.165	5.101
Handbært fé frá rekstri	-75.639	-64.065	-31.839	-19.240	15.115
Fjárfestingarhreyfingar	-32.036	55.169	-29.154	-22.603	-18.716
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-107.675	-8.896	-60.993	-41.843	-3.601
Afborganir lána	-136.252	-126.946	-165.921	-89.067	-137.711
Innanlands	-72.776	-56.095	-10.800	-86.596	-29.267
Erlendis	-63.476	-70.851	-155.121	-2.471	-108.444
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-243.927	-135.842	-226.914	-130.910	-141.312
Lántökur	254.903	207.619	185.810	76.746	154.542
Innanlands	121.945	78.487	69.139	76.746	37.744
Erlendis	132.958	129.132	116.671	0	116.798
Breyting á handbæru fé	10.976	71.777	-41.104	-54.164	13.230

Innheimtar tekjur ríkissjóðs jukust um 17,1% á milli ára og námu 348,1 ma.kr á fyrstu sjö mánuðum ársins. Niðurstaða tímabilsins er tæplega 34 ma.kr. yfir tekjuáætlun fjárlaga þessa árs en ef frá eru taldir óreglulegir liðir¹ og tekjur af arði er frávikið jákvætt um 10,4 ma.kr. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 297,6 ma.kr. sem er 17,4 ma.kr. eða 6,2% yfir áætlun og aukning um 10,7% á milli ára. Mun þessi jákvæða þróun koma fram í endurmati á tekjuáætlun í frumvarpi til fjárukalaga ársins sem lagt verður fram í næsta mánuði.

Af 121 ma.kr. skatttekjum af tekjum og hagnaði nam tekjuskattur einstaklinga 73,7 ma.kr. sem er 4,6 ma.kr. yfir áætlun og hækkun um 8,9% á milli ára. Tekjuskattur lögaðila nam 23,3 ma.kr. sem er 6,2 ma.kr. yfir áætlun og hækkun um 38% á milli ára.

¹ Óreglulegir liðir eru fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir sjálfur og tekjur af sölu eigna og söluhagnaði.



Tekjur af fjármagnstekjuskatti jukust um 28% á milli ára og námu 24 ma.kr. sem er 3,1 ma.kr. eða 15,1% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Þar af nam fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði 6 ma.kr sem er 2,6 ma.kr. yfir áætlun. Hluti ríkissjóðs í innheimtum fjármagnstekjuskatti hefur engin áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem sama fjárhæð færist á tekju- og gjaldahlið.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2012	2013	2014	2012	2013	2014
Skatttekjur og tryggingagjöld	258.988	268.853	297.638	15,5	3,8	10,7
Skattar á tekjur og hagnað	97.268	103.298	120.988	17,9	6,2	17,1
Tekjuskattur einstaklinga	63.117	67.670	73.685	19,4	7,2	8,9
Tekjuskattur lögaðila	18.034	16.859	23.271	116,5	-6,5	38,0
Skattur á fjármagnstekjur	16.117	18.769	24.032	-24,4	16,5	28,0
Eignarskattar	6.395	5.860	5.929	149,8	-8,4	1,2
Skattar á vöru og þjónustu	110.162	113.211	121.161	14,4	2,8	7,0
Virðisaukaskattur	71.377	72.916	80.019	15,3	2,2	9,7
Vörugjöld af ökutækjum	2.534	2.838	3.039	64,5	12,0	7,1
Vörugjöld af bensíni	6.808	6.642	6.747	4,0	-2,4	1,6
Skattar á olíu	3.596	3.668	3.855	6,8	2,0	5,1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	9.259	9.680	10.352	5,6	4,5	6,9
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	16.588	17.467	17.149	17,3	5,3	-1,8
Tollar og aðflutningsgjöld	4.156	3.192	3.172	12,5	-23,2	-0,6
Aðrir skattar	3.559	4.324	4.978	67,3	21,5	15,1
Tryggingagjöld	37.448	38.968	41.409	0,8	4,1	6,3
Fjárframlög	551	96	100	11,1	-82,6	4,4
Aðrar tekjur	22.815	27.707	49.038	31,0	21,4	77,0
Sala eigna	1.259	647	1.326	-	-	-
Tekjur alls	283.612	297.302	348.101	17,0	4,8	17,1

Tekjur af eignarsköttum tímabilið janúar-júlí eru á áætlun og námu samtals 5,9 ma.kr sem er 1,2% aukning á milli ára. Auðlegðarskattur jókst um 21% á milli ára og nam 2,6 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. yfir áætlun tímabilsins. Stimpilgjöld námu 1,9 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. undir áætlun og samdráttur upp á 14% á milli ára. Tekjur af erfðafjárskatti eru á áætlun og námu 1,1 ma.kr. sem er aukning um 6,3% á milli ára.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 7% á milli ára og námu samtals 121,2 ma.kr. sem er 1,3 ma.kr. eða 1,1% yfir áætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur sem vegur þyngst í þessum flokki skatta nam 80 ma.kr. og er það 1,9 ma.kr. yfir áætlun fyrir tímabilið og aukning um 9,7% á milli ára. Almenn vörugjöld eru 0,3 ma.kr. undir áætlun fyrir tímabilið og námu 3,2 ma.kr. sem er aukning um 4,2% frá sama tíma í fyrra. Vörugjöld af ökutækjum námu 3 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun og vörugjöld af bensíni námu 6,7 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun.

Tekjur af olíugjaldi námu 3,9 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um 5,1% frá því í fyrra og 0,3 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga. Kolefnisgjaldið er á áætlun og nam 1,9 ma.kr. sem er aukning um 10,6% milli ára. Bifreiðagjaldið, sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun, skilaði 3,9 ma.kr. og er það aukning um 2,4% frá fyrra ári.



Áfengisgjaldið skilaði 6,9 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. yfir áætlun og 7,5% aukning frá því í fyrra. Tekjur af tóbaksgjaldi jukust um 5,9% á milli ára og námu 3,5 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. yfir áætlun. Sala áfengis tímabilið janúar-júlí, mæld í vinnanda allra tegunda samanlagt, jókst um rúm 3% á milli ára. Á sama tímabili jókst sala á sigarettum (vindlingum) að magninu til um rúm 4% á milli ára.

Tollar og aðflutningsgjöld drógust saman um tæplega 1% á milli ára og námu þau samtals 3,2 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. eða 13,4% yfir áætlun fjárlaga. Hið stóra frávik skýrist af því að fríverslunarsamningur við Kína, sem leiðir til samdráttar tekna í þessum flokki, tók gildi síðar en ráðgert var eða á miðju árinu. Aðrir skattar námu 5 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er aukning um rúm 15% á milli ára og 0,8 ma.kr. yfir áætlun. Þar af nam fjársýsluskattur 1,8 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. yfir áætlun. Tekjur af tryggingagjöldum jukust um 6,3% á milli ára og námu samtals 41,4 ma.kr. sem er 1 ma.kr. yfir áætlun tímabilsins. Vöxtur bæði vinnuafleifisþæfingar og launa á fyrri hluta ársins umfram áætlanir kemur þannig fram í umtalsverðu jákvæðu fráviki bæði tryggingagjalds og tekjuskatts einstaklinga á fyrstu sjö mánuðum ársins.

Aðrar tekjur en skatttekjur og tryggingagjöld námu 49 ma.kr. sem er 16 ma.kr. meira en gert hafði verið ráð fyrir. Arður frá Landsbankanum sem greiddur var í mars skýrir frávikið en hann nam 19,7 ma.kr. Veidigjaldið skilaði 5,7 ma.kr., en þar af nam almenna veidigjaldið 3 ma.kr. og það sérstaka 2,7 ma.kr. Alls er veidigjald 1,7 ma.kr. undir áætlun fjárlaga, en að hluta til skýrist það af lagabreytingu á vorþingi.

Greidd gjöld námu 338,1 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 19,4 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 6,1% sem er heldur minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára eins og sést í meðfylgjandi töflu.

Próun útgjalda eftir málaflokkum janúar-júlí 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári	
	2012	2013	2014	2013	2014
Fjármagnskostnaður	50.527	50.457	51.065	-0,1	1,2
Almenn opinber þjónusta	27.015	28.196	29.153	4,4	3,4
Almannatryggingar og velferðarmál	69.931	70.097	72.866	0,2	3,9
Heilbrigðismál	68.722	73.383	78.994	6,8	7,6
Efnahags- og atvinnumál	30.366	30.517	33.919	0,5	11,1
Menntamál	30.747	31.272	32.363	1,7	3,5
Menningar, íþróttar og trúmál	9.690	10.823	11.034	11,7	1,9
Lög- og réttargæsla	12.466	12.708	12.738	1,9	0,2
Önnur útgjöld	10.591	11.252	15.955	6,2	41,8
Gjöld alls	310.055	318.707	338.087	2,8	6,1

Próun málaflokkanna eru svo rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við þann hluta fjárheimilda ársins sem áætlanir ráðuneyta og stofnana gerðu ráð fyrir að tilheyrði þessum hluta ársins.

Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar - júlí 2013-2014

	2014	2013	% breyt.
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	2.413	2.248	7,3
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	5.728	5.538	3,4
Utánríkismál	5.941	5.540	7,2
Önnur almenn opinber þjónusta	5.408	5.208	3,8



<i>Fjármagnskostnaður</i>	51.065	50.457	1,2
<i>Almenn fjárframlög til sveitarfélaga</i>	9.663	9.662	0,0
Almenn opinber þjónusta	80.219	78.654	2,0
Lög- og réttargæsla	12.738	12.708	0,2
<i>Almenn atvinnumál og markaðseftirlit</i>	3.695	3.496	5,7
<i>Landbúnaðarmál</i>	7.921	8.131	-2,6
<i>Samgöngumál</i>	13.447	11.018	22,0
<i>Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum</i>	2.990	2.896	3,2
<i>Önnur efnahags- og atvinnumál</i>	5.866	4.976	17,9
Efnahags- og atvinnumál	33.919	30.517	11,1
<i>Lyf og lækningavörur</i>	10.843	10.327	5,0
<i>Heilsugæsla</i>	15.448	14.470	6,8
<i>Sjúkrahúspjónusta</i>	34.295	31.788	7,9
<i>Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir</i>	15.940	14.365	11,0
<i>Heilbrigðiseftirlit og stjórnisýsla</i>	2.468	2.433	1,4
Heilbrigðismál	78.994	73.383	7,6
<i>Meningarmál</i>	5.195	5.309	-2,1
<i>Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál</i>	5.839	5.514	5,9
Menningar- og félagsmál	11.034	10.823	1,9
<i>Framhaldsskólastig</i>	11.657	11.397	2,3
<i>Háskólastig</i>	18.194	17.081	6,5
<i>Önnur menntamál</i>	2.512	2.794	-10,1
Menntamál	32.363	31.272	3,5
<i>Örorka og fötlun</i>	20.152	17.899	12,6
<i>Öldrun</i>	26.813	23.969	11,9
<i>Fjölskyldur og börn</i>	12.301	12.735	-3,4
<i>Atvinnuleysi</i>	8.824	10.921	-19,2
<i>Vaxtabætur</i>	342	209	63,6
<i>Önnur trygginga- og velferðarmál</i>	4.434	4.364	1,6
Almannatryggingar og velferðarmál	72.866	70.097	3,9
<i>Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun</i>	6.183	5.915	4,5
<i>Fjármagnstekjuskattur</i>	5.597	1.366	309,7
<i>Annað</i>	4.175	3.971	5,1
Önnur útgjöld	15.955	11.252	41,8
Gjöld alls	338.087	318.707	6,1

Útgjöld til almennrar þjónustu námu samtals 80,2 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins samanborið við 78,7 ma.kr. á síðasta ári sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta þessara útgjalda eða tæp 64%, en hann nam 51,1 ma.kr. á tímabilinu og var svipaður og á fyrra ári og í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 5,9 ma.kr. samanborið við 5,5 ma.kr. á fyrra ári sem er nokkuð minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þessum útgjöldum námu útgjöld sendiráða Íslands 1,9 ma.kr. og útgjöld vegna alþjóðastofnana 1,5 ma.kr. Almenn framlög til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga námu 9,7 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir.



Útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins voru í samræmi við áætlanir og námu 5,7 ma.kr. þar sem mest munaði um útgjöld ríkisskattstjóra sem námu 1,6 ma.kr., útgjöld Tollstjóra sem námu 1,5 ma.kr. og útgjöld Fjárslu ríkisins sem námu 958 m.kr. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 7,8 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári.

Útgjöld til lög- og réttargæslu námu um 12,7 ma.kr. sem er svipað og á fyrra ári en minna en gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldabættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 2,2 ma.kr. og aukast um rúmar 100 m.kr. milli ára og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 2,2 ma.kr. og dragast saman milli ára. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 860 m.kr. á tímabilinu, útgjöld sýslumannsembættta 2,1 ma.kr., útgjöld héraðsdómstóla 835 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 818 m.kr. og útgjöld vegna framkvæmda við fangelsisbyggingar 622 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um 3,4 ma.kr. á milli ára og námu 33,9 ma.kr. á þessum fyrstu sjö mánuðum ársins sem er nokkuð minna en það sem gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 13,4 ma.kr. samanborið við rúma 11 ma.kr. á fyrra ári. Framkvæmdir Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta en útgjöld Vegagerðarinnar námu 11,6 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 7,9 ma.kr. þar sem mest munar um greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu sem námu um 6,5 ma.kr. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 3,7 ma.kr. þar sem munar mest um útgjöld Fjármálaeftirlitsins sem námu rúmum 1 ma. kr. Útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum námu tæpum 3 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld Hafrannsóknarstofnunar upp á 735 m.kr., útgjöld vegna matvælarannsókna upp á 431 m.kr. og útgjöld Tækniþróunarsjóðs upp á tæpar 700 m.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 5,9 ma.kr. þar sem endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi námu 801 m.kr., niðurgreiðslur á húshitun 662 m.kr., útgjöld Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 691 m.kr. og útgjöld Fiskistofu um 467 m.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu tæpum 79 ma.kr. og jukust um 5,6 ma.kr. milli ára. sem er jafnframt um 3,1 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 10,8 ma.kr. samanborið við 10,3 ma.kr. 2013 sem er nokkuð umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist alfarið með halla á þeim rekstri sjúkratrygginga sem snýr að lyfjakaupum. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 15,4 ma.kr. samanborið við 14,5 ma.kr. 2013. Greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu námu 7,2 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu námu 2,9 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu 34,3 ma.kr. samanborið við 31,8 ma.kr. 2013. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 25,4 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu 3,2 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 4,5 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 15,9 ma.kr. og jukust um 1,6 ma.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu rúmum 2,5 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og á fyrra ári. Í heild námu útgjöld vegna sjúkratrygginga 19,4 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,7 ma.kr. milli ára og voru 1,6 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 11 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítilliga milli ára en voru minni en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 5,2



ma.kr. þar sem mest munar um rekstur Landsbókasafns-Háskólabókasafns sem nam 637 m.kr., framlög til lista sem námu 616 m.kr. útgjöld vegna Þjóðleikhússins sem námu 487 m.kr. og útgjöld vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem námu 568 m.kr. Útgjöld vegna íþróttta, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 5,8 ma.kr. þar sem helstu útgjaldaðættir eru Ríkisútvarpið rúmir 2 ma.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals 3,2 ma.kr.

Útgjöld til menntamála námu 32,4 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins og jukust lítillega milli ára en voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 11,7 ma.kr. og voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist að mestu með lægri launaútgjöldum vegna verkfalls framhaldsskólakennara á tímabilinu. Útgjöld vegna háskólastigs námu 18,2 ma.kr. samanborið við 17,1 ma.kr. á fyrra ári sem var lítillega innan þess sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 6,8 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 7,9 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna Háskólans í Reykjavík 1,3 ma.kr. og Háskólans á Akureyri 873 m.kr. Útgjöld vegna annarra menntamála námu 2,5 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna símenntunar og fjarkennslu upp á 747 m.kr.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 72,9 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2,8 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 20,2 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki sem námu 17 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 26,8 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta og námu slík útgjöld um 21,6 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 3,8 ma.kr. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 12,3 ma.kr. þar sem barnabætur upp á 4,8 ma.kr. og útgjöld vegna Fæðingaorlofs upp á 5,1 ma.kr. skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 8,8 ma.kr. samanborið við 10,9 ma.kr. á sama tímabili í fyrra og eru því að dragast verulega saman milli ára sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu 342 m.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Önnur trygginga- og velferðarmál námu 4,4 ma.kr. útgjöldum á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Í heild námu útgjöld vegna lífeyristrygginga 40,9 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 7,5 ma.kr.

Önnur útgjöld námu tæpum 16 ma.kr. samanborið við 11,3 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og eftirlauna námu 6,2 ma.kr. sem er svipað og á fyrra ári en meira en gert hafði verið ráð fyrir. Greiddur fjármagnstekjuskattur nam 5,6 ma.kr. á tímabilinu og jókst verulega milli ára og var jafnframt vel umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Þessar greiðslur renna hins vegar í ríkissjóð og því er sambærilegt jákvætt frávik á tekjuhlið og því engin nettó áhrif á afkomu ríkissjóð. Þá námu útgjöld vegna umhverfisverndar 3,1 ma.kr., útgjöld vegna varnarmála 525 m.kr. og útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála 512 m.kr.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður tímabilsins var neikvæður um 3,6 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 41,8 ma.kr. Brúttó var lánsfjárfjöfnuðurinn neikvæður um 141,3 ma.kr. en var neikvæður um 130,9 ma.kr. á sama tímabili 2013.



Afborganir og uppgreiðslur á lánum námu 137,7 ma.kr. þar sem afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 29,3 ma.kr. og af erlendum lánum 108,4 ma.kr.

Heildarlántökur á tímabilinu námu um 154,5 ma.kr. þar sem innlendar lántökur námu 37,7 og erlendar lántökur námu 116,8 ma.kr. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 13,2 ma.kr. á tímabilinu.

Ríkissjóður Íslands gekk frá samningum í júlí um útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 750 milljónir evra, eða jafnvirði um 117 ma.kr. Lánið var notað til að endurgreiða fyrirfram lán frá Norðurlöndunum sem tekin voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda sem studd var af AGS árið 2008.